

Vettvangsheimsókn á vinnustað Lokaverkefni í 10. bekk.

Verkefnið er paraverkefni. Nemendur koma sér saman um einhvern vinnustað sem tengist verk- og tæknimenntun sem þeir hafa áhuga á að kynna sér. Ef viðkomandi vinnustaður er tilbúinn til að taka á móti þeim fara þeir í vettvangsheimsókn og afla upplýsinga um hann. Megináherslan er á störf í fyrirtækinu og menntun starfsmanna. Eftir heimsóknina kynna þeir vinnustaðinn fyrir samnemendum sínum og foreldrum (10 – 15 mín). Hóparnir hafa nokkuð frjálsræði um framsetningu kynningarinnar og er frumlegum hugmyndum vel tekið.

Það sem þarf að koma fram í kynningunni er meðal annars:

- ❖ Fyrirtækið almennt, segja stuttlega frá sögu þess.
- ❖ Kynning á störfum
- ❖ Menntun starfsmanna
- ❖ Vinnuaðstæður
- ❖ Hvað gefur starfið af sér
- ❖ Hvað var sérstaklega áhugavert/athyglisvert

Miðað er við að minnsta kosti 6 klukkustundir í viðveru á vinnustað (t.d. 2 tíma á dag í þrjú skipti). Í heimsókninni eiga nemendur að kynna sér vinnustaðinn eins vel og hægt er.

Taka viðtöl við 2-3 starfsmenn. Taka myndir og fl. Auk þess er í flestum tilfellum hægt að afla upplýsinga um vinnustaðinn á netinu.

Áætlaður tími í þetta verkefni er 2 vikur (með undirbúningi) og fer verkefnavinnan að mestu fram á skólatíma. Verkefnið verður metið til einkunnar.

Finna vinnustað/fyrirtæki og staðfesting á heimsókn fyrir föstudaginn 13. maí.

Vinnustaðaheimsóknir og verkefnavinna í skóla: 23 .- 26. maí

Verkefnaskil og kynning 27. maí kl. 9:00

Hafðu eftirfarandi punkta til hliðsjónar þegar þú vinnur verkefnið:

Kynning á störfum: 2-3 störf innan fyrirtækisins

- Í hverju er starfið fólgið?
- Hver er tilgangurinn með starfinu?
- Hvernig er starfinu best lýst?

Vinnuaðstæður

- Útvinna?
- Innvinna?
- Líkamleg vinna?
- Hættulegt starf?

Hvers krefst starfið

- Krefst starfið einhverra tiltekinna hæfileika?
- Er betra fyrir þann sem vill stunda þetta starf að hafa einhver ákveðin áhugamál?

Menntun starfsmanna

- Þarf menntun til að stunda starfið, hvaða menntun þá og hvar er hægt að ná í þessa menntun?
- Er nauðsynlegt að hafa náð einhverjum prófum til að geta stundað starfið?
- Þarf sérstaka starfsþjálfun til að stunda þetta starf?

Hvað gefur starfið af sér?

- Er auðvelt að verða sér út um atvinnu á þessu sviði?
- Hvernig eru laun þeirra sem stunda starfið?

Hvað var sérstaklega áhugavert/athyglisvert

- Hvað kom þér helst á óvart við könnun á starfinu?
- Hvað fannst þér vera merkilegast við starfið?
- Gætir þú hugsað þér að vinna við þetta starf?



Mat á kynningu frá kennara

Hópur: _____

	Stig
Fræðilegt: kynning og skýrsla	
❖ Fyrirtækið almennt og saga þess.	
❖ Störf innan fyrirtækisins	
❖ Menntun starfsmanna	
❖ Hvað gefur starfið af sér?	
❖ Vinnuaðstæður	
❖ Hvað var sérstaklega áhugavert/athyglisvert	
Framsetning kynningar:	
❖ Skýrleiki/Tjáning	
❖ Frumleiki í uppsetningu	
Samstarf:	
❖ Jöfn verkaskipting	
Skýrsla:	
❖ Úrvinnsla á gögnum, framsetning og skil	
Samtals stig	40/
Einkunn:	

Mjög gott - 4 stig

Gott - 3 stig

Sæmilegt - 2 stig

Ábótavant/Þarfnast lagfæringar - 1 stig

Jafningamat á kynningu/nemendur

Hópur: _____

Matspættir	Stig
Fræðilegur hluti	
Frumleiki í uppsetningu á kynningu	
Tjáning/Skýrleiki	

Samtals stig	12/
--------------	-----

Frábært/Óaðfinnanlegt	4 stig
Gott	3 stig
Þokkalegt	2 stig
Slakt	1 stig



Vettvangsheimsókn á vinnustað

Nöfn nemenda í hópnum:

Vinnustaður sem þið viljið kynna ykkur?

Tengiliður á vinnustað:

Símanúmer hjá tengilið/fyrirtæki: _____

Hvað þarf að hafa í huga þegar maður pantar vettvangsheimsókn

- ✓ Byrjaðu á því að kynna þig
- ✓ Fáðu að spjalla við þann sem sér um heimsóknir á vinnustað
- ✓ Kynntu skólann þinn og verkefnið

Samantekt/Skýrsla:

Verkefninu á einnig að skila skriflega í samfelldu máli. Það á að vera minnst tvær síður og mest 4 síður. Letrið á að vera 12-14 punkta og 1½ línubil.

Mundu eftir forsíðu. Vandaðu frágang og uppsetningu og þú skalt geta þess hvaðan þú hefur upplýsingarnar → = heimildaskrá.

Verið dugleg að skipta með ykkur verkum og athugið að allir meðlimir hópsins fá sömu einkunn fyrir það.